

127 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorfinns Þórarinssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 6. október 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Þorfinns Þórarinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í minningu Þorfinns Þórarinssonar bónda á Spóa-stöðum í Biskupstungum af »Ungmennafjelagi Biskupstungna«, og er stofnfjæð kr. 200,00 — tvö hundruð krónur.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms efnilega unglunga í Biskupstungnahreppi, hvort heldur er verklegs náms eða bóklegs, og sitja þeir menn jafnan fyrir styrkveitingu úr sjóðnum, sem fátækir eru, en þykja skara fram úr að hæfileikum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar ársvextir hans nema orðið kr. 120,00 — eitt hundruð og tuttugu krónum —, má árlega verja $\frac{1}{2}$, hálfum, vöxtunum, og alt að $\frac{3}{4}$, þrem fjórðu, þeirra ár og ár, ef sjerstök nauðsyn þykir. Hinn hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn. En þegar ársvextirnir nema orðið kr. 200,00 — tvö hundruð krónum — eða þar yfir, má árlega verja $\frac{3}{4}$, þrem fjórðu, vaxtanna. Ef ekki er um neinn mann í sveitinni að ræða, er þörf þykir að styrkja til þess, sem getur um í 2. gr., leggist allir ársvextirnir við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 2 mönnum úr Ungmennafjelagi Biskupstungna, sem það kýs, og 1 manni utan fjelags, sem hreppsnefnd kýs, og skulu hvoru-tveggju kosnir til 3 ára í senn. Verði Ungmennafjélagið uppleyst, skal sjóðnum stjórnað af 3 mönnum, er eiga fast aðsetur í hreppnum, og skulu þeir kosnir til 3 ára í senn á almennum sveitarfundum.

5. gr.

Allar tekjur, er sjóðnum kunna að fallast til, svo sem með minningar-

gjöfum, frjálsum samskotum og m. fl. veitir stjórnin móttöku og leggur við höfuð- **127**
 stólinn. Ennfremur er ætlast til, að stjórn sjóðsins reyni að auka hann, svo sem **6. okt.**
 hún sjer sjer fært, einkum meðan fjármagn hans er litið. Stjórn hans skal og
 árlega leggja fram endurskoðaðan reikning yfir fjárhag sjóðsins og bera hann
 upp til fullnaðarsamþyktar á aðalfundi Ungmennafjelagsins eða almennum sveitar-
 fundi, komist stjórnin í annara hendur. Oddviti hreppsnefndar lætur kjósa 2
 menn til að endurskoða reikninginn ár hvert.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbankanum.

Fyrir stjórn »Ungmennafjelags Biskupstungna«, 2. apríl 1916.

Ingvar Guðmundsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Fló- **128**
 ventssonar bónda frá Höragsdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráð- **6. okt.**
 herra Íslands 6. október 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Árna Flóventssonar bónda frá Höragsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Árna Flóventssonar, og er stofnaður af
 Helga bónda Árnasyni með 300 — þrjú hundruð — krónum, hinn 14. janúar
 1916.

2. gr.

Sjóður þessi skal settur á vöxtu, og aldrei skertur höfuðstóll hans. Hann
 skal aukast af fje því, er börn og barnabörn Árna Flóventssonar kunna að leggja
 í hann, en ekki skal hann vaxa fram úr 15000 — fimtán þúsund — krónum,
 það skal vera hámark hans. Fyrstu tíu árin skal árlega senda ábúanda Hörags-
 dals 5 krónur af ársvöxtum sjóðsins, en hitt leggjast við höfuðstólinn. Að þeim